

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	3.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en ein ábending var gerð, þess efnis að gild vöktunaráætlun skal vera til staðar. Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Geymsla efna á lager rekstraraðila er ófullnægjandi. Efni skal geyma á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. 2) Öryggisblöð eru ekki til staðar í efnageymslu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Berufirði.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Berufirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 19. mars 2019, breytt þann 12. ágúst 2021 og gildir til 19. mars 2035.

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 9.800 tonnum af laxi frjóum eða ófrjóum (að hámarki 7.500 tonn af frjóum laxi). Hámark lífmassa á hverjum tíma er 9.800 tonn í Berufirði. Enginn ófrjór lax er framleiddur og er hámark lífmassa á hverjum tíma því 7.500 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Tvö svæði eru nú í notkun í Berufirði, Glímeyri og Svarthamarsvík. Fiskur var settur út á svæðin í ágúst 2023. Þá hafði Svarthamarsvík verið hvíld síðan í desember 2022 og Glímeyri frá apríl 2021.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 26. apríl 2024.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024.

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað sérstaklega en þær upplýsingar sem rekstraraðili

þarf að skila, komu fram í grænu bókhaldi og teljast skilin því fullnægjandi.

Losun fosfórs má skv. starfsleyfi vera að hámarki 9,0 kg á hvert tonn af framleiddum fiski. Losunin árið 2023 var samkvæmt útreikningum eftirlitsaðila 8,5 kg/framleitt tonn. Engar vöktunarmælingar hafa verið gerðar frá síðasta eftirliti. Gert er ráð fyrir að hámarks lífmassi verði á svæðinu í desember eða janúar nk. og þá verði gerðar mælingar.

Áætlaður lífmassi í Berufirði í júlí 2024 var um 4.000 tonn og framleiðsla árið 2023 var innan við 1.000 tonn.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Farið var yfir þær áætlanir rekstraraðila sem skulu vera til staðar. Flestar áætlanir eru til staðar og hafa verið endurskoðaðar nýlega. Vöktunaráætlun hefur þó ekki verið uppfærð og er rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skal vera til staðar.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

5. Önnur mál

Þjálfunarskrá fyrir nýtt starfsfólk rekstraraðila var skoðuð og er fullnægjandi.

6. Skoðunarferð

Efnageymsla rekstraraðila var skoðuð. Efnaskápum hefur verið komið fyrir og eru öryggisblöð nú aðgengileg í efnageymslunni. Fráviki frá árinu 2023 um að öryggisblöð séu ekki aðgengileg er því lokað. Lekabyttu vantar enn í efnaskáp og er fráviki sem var opið þegar eftirlitið fór fram því ekki lokað.

Siglt var að kvíum í Svarthamarsvík þar sem ellefu kvíar eru í notkun og Glímeyri þar sem tíu kvíar eru í notkun, auk þess sem fóðurprammar voru skoðaðir. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.


ÁBENDINGAR

Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð. Rekstraraðila er bent á að uppfæra vöktunaráætlun sína og taka m.a. tillit til krafna sem gerðar eru til vöktunar á vatnshlotum sbr. stjórn vatnamála.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.10.2024


Freyr Evarsson